SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Forsætisráðuneytið
b.t. Helga Valbergs Jenssonar
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. janúar 2026
Tilv.: 2512006

Efni: Umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 vegna áframhaldandi undanþágu Landsvirkjunar sf. frá gildissviði upplýsingalaga

1. Samkeppniseftirlitið vísar til beiðni forsætisráðuneytisins, dags. 10. desember 2025, um umsögn skv. 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 (hér eftir „*upplýsingalögin*“) vegna Landsvirkjunar sf. (hér eftir „*Landsvirkjun*“). Með umsagnarbeiðni ráðuneytisins fylgdi afrit af bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til forsætisráðuneytisins, dags. 16. júlí 2025 ásamt afriti af samskiptum Orkusölunnar og Rarik ohf. við fjármála- og efnahagsráðuneytið á tímabilinu 14. – 16. júlí 2025.

2. Varðar beiðnin tillögu fjármála- og efnahagsráðherra um að Landsvirkjun verði veitt áframhaldandi undanþága frá gildissviði upplýsingalaga. Landsvirkjun hefur áður verið veitt undanþága og er það mat ráðuneytisins að ekki hafi orðið veigamiklar breytingar á starfsemi félagsins sem gefi tilefni til að endurskoða forsendur undanþágunnar sem veitt hafi verið á sínum tíma. Landsvirkjun starfi áfram að mestu leyti við vinnslu raforku samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003. Félagið starfi á samkeppnismarkaði og sinni ekki hefðbundinni opinberri starfsemi. Markaðshlutdeild Landsvirkjunar hafi haldist stöðug og markaðsaðstæður á raforkumarkaði hafi ekki tekið þeim breytingum sem kalli á endurskoðun undanþágunnar, að mati ráðherra.

3. Í umsögnum Samkeppniseftirlitsins varðandi fyrri undanþágur Landsvirkjunar dags. 16. júní 2016, 19. júní 2019 og 1. júlí 2022, kom fram það mat eftirlitsins að rök stæðu til þess að veita félaginu undanþágu frá upplýsingalögum enda væri starfsemi félagsins að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.

4. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í gögnum þeim sem forsætisráðuneytið hefur látið Samkeppniseftirlitinu í té er það m.a. mat fjármála- og efnahagsráðherra að ekkert hafi breyst í starfsemi félagsins sem gefur tilefni til að endurskoða forsendur undanþáganna.

5. Samkeppniseftirlitinu hefur ekki borist frekari gögn eða upplýsingar um breytta starfsemi. Samkeppniseftirlitið vísar því til fyrirliggjandi gagna og fyrri umsagna Samkeppniseftirlitsins og telur á þeim forsendum að rök standi ekki til annars en að Landsvirkjan fái að njóta undanþágu frá upplýsingalögum skv. 2. mgr. 3. gr. laganna, í ljósi þess að starfsemi félagsins er enn að nær öllu leyti í samkeppni við einkaaðila.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið